

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verði bannaðar á Frakkastíg frá Hverfisgötu að Skúlagötu, vestan megin götunnar.
2. Bifreiðastöður verði bannaðar í Miðstræti, vestan megin götunnar.
3. Felldur verði niður einstefnuakstur í Hátúni.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. marz 1965.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 48.

5. febrúar 1965.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 5 á Lyfjaverðskrá frá 1. marz 1963.

Frá og með 25. febrúar 1965 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. febrúar 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 49.

10. marz 1965.

REGLUR

um starfsemi Íslenzkrar málnefndar.

Með bréfi, dags. 30. júlí 1964, hefur menntamálaráðuneytið stofnað nefnd, sem vinna á að íslenzku málverndarstarfi. Þessari nefnd, sem skal bera nafnið **Íslenzk málnefnd**, eru settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Íslenzk málnefnd er ráðgjafarstofnun. Henni ber að veita opinberum stofnunum og almenningi leiðbeiningar um málleg efni á fræðilegum grundvelli.

Af sérstökum verkefnum, sem henni ber að sinna, skulu þessi talin:

1. Nefndin skal annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra og jafnframt vera til aðstoðar við val nýyrða og við nýyrðamíði. Auk þess skal hún leitast við að fylgjast með því, hver nýyrði ná festu í málinu.
2. Nefndin skal hafa samvinnu við nýyrðanefndir, sem einstök félög eða stofnanir hafa sett á fót, og vera þeim til aðstoðar.